

Samningur um markaðssamstarf, viðburði
og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu

**Garðabær - Hafnarfjarðarbær - Kópavogsbær -
Mosfellsbær - Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær**



6.11.10
[Handwritten signatures]

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg gera með sér svofelldan

samstarfssamning um markaðssamstarf, viðburði og upplýsingamiðlun í ferðabjónustu á höfuðborgarsvæðinu

1 Markmið

Markmið þessa samnings er að vinna að aukinni dreifingu ferðamanna um höfuðborgarsvæðið og stuðla að betri nýtingu á hvers kyns afþreyingu og þjónustu á svæðinu í heild. Vörumerkið Reykjavík er þekkt og með því að vinna undir sameiginlegu kynningarátaki og auka á þann hátt samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu undir sameiginlegu vörumerki Reykjavík Loves má efla svæðið enn frekar sem eftirsóknarverðan áfangastað fyrir erlenda ferðamenn.

Verkefnið byggir á eldra samstarfi sveitarfélaganna frá 2005 um markaðsstarf, viðburði og upplýsingamiðlun til erlendra ferðamanna. Það samstarf var svo eftt til muna 2013 á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þegar ákveðið var að kynna höfuðborgarsvæðið í heild undir vörumerkinu Reykjavík.

2 Framkvæmd og samráð

2.1 Höfuðborgarstofa er framkvæmdaraðili samkvæmt samningi þessum og ber ábyrgð á faglegri og tímanlegri framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í þessum kafla og ákveðin eru í samstarfsnefnd innan hvers fjárhagsárs. Samstarfsaðilar bera ábyrgð á að leggja til upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftir því sem við á.

2.2 Allir samstarfsaðilar eiga einn fulltrúa í samstarfsnefnd verkefnisins sem kemur saman í fundaraðstöðu SSH að jafnaði mánaðarlega frá september til maí eða þegar tveir nefndarmanna eða fleiri óska þess. Fulltrúi Reykjavíkur í samstarfsnefnd er formaður nefndarinnar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að meta framgang samstarfsins og standa vörð um að unnið sé í samræmi við markmið þess. Samstarfsnefnd tekur ákvörðun um ráðstöfun fjármagns til verkefna. Í september ár hvert fer fram mat á verkefninu á fundi samstarfsnefndar. Samstarfsnefnd heldur fundargerðir um þær ákvarðanir sem teknar eru. Öll gögn eru geymd á lokuðu svæði á gagnagátt SSH. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Framkvæmd og verkefni:

2.3 Útgáfa:

- **Áfangastaðabæklingar** (destination handout) til að kynna höfuðborgarsvæðið sem áfangastað undir merkjum Reykjavík Loves. Kynningarefnið er notað á ferða- og kaupþýningum, við móttöku erlendra ferðakaupenda, blaðamanna og annarra sem eru að kynna sér kosti Reykjavíkur og hjá stofnunum innan sveitarfélaganna eftir því sem við á.

- **Viðburðabæklingur** til að kynna helstu viðburði á höfuðborgarsvæðinu – Reykjavík Festival City.
 - **Pemabæklingar** til að kynna afþreyingu og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu með það markmið að stuðla að aukinni dreifingu erlendra ferðamanna.
- 2.4 **Myndabanka** með ímyndarmyndum komið á fót sem samstarfsaðilar geta nýtt í markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög leggja einnig til fleiri myndir í myndabankann.
- 2.5 **Sýnileiki í Upplýsingamiðstöð ferðamanna** í Aðalstræti þar sem samstarfsaðilar eiga skilgreint pláss í bæklingastöndum merktum Reykjavík loves. Upplýsingum um viðburði og áhugaverða staði er komið á framfæri á skjá sem sýnir einnig frá samfélagsmiðlum með #reykjavikloves.
- 2.6 **Sýnileiki á vef og samfélagsmiðlum Visit Reykjavík** þar sem samstarfsaðilar geta kynnt áhugaverða staði, viðburði, náttúruperlur, þjónustu og annað sem þeir vilja koma á framfæri.
- 2.7 **Samstarf í auglýsinga- og kynningarmálum** með sameiginlegum auglýsingakaupum s.s. í ferðatimaritum og öðrum miðlum til hagræðingar og hagsbóta fyrir alla aðila.
- 2.8 **Skilti eða merking með #reykjavikloves** verður gerð samkvæmt ákvörðun samstarfsnefndar með það að markmiði að auka sýnileika áhugaverðra staða á höfuðborgarsvæðinu á samfélagsmiðlum. Skiltið er á ábyrgð Höfuðborgarstofu sem sér um frágang á uppsetningu og staðsetningu í samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

3 Framlög, uppgjör og reikningshald

3.1 Samstarfsnefnd skilar starfs- og verkefnaáætlun fyrir 1. október ár hvert sem varðar veginn fyrir samstarf næsta árs. Höfuðborgarstofa ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu innan sameiginlegrar fjárhagsáætlunar ársins sem samstarfsnefnd hefur samþykkt. Höfuðborgarstofa skal skila fjárhagsáætlun til samþykktar hjá samstarfsnefndinni fyrir 1. nóvember ár hvert og ársskýrslu eigi síðar en 1. mars árið eftir.

3.2 Samkvæmt samningi þessum eru árleg framlög samstarfsaðila sem hér segir:

Reykjavík	5.050.000 kr.
Hafnarfjarðarbær	1.500.000 kr.
Kópavogsbær	1.500.000 kr.
Garðabær	750.000 kr.
Mosfellsbær	750.000 kr.
Seltjarnarnesbær	550.000 kr.

Þar fyrir utan hefur Ferðamálastofa greitt árlega u.þ.b. 4.500.000 m.kr. til Höfuðborgarstofu til markaðssetningar höfuðborgarsvæðisins. Það framlag skal renna óskert til verkefna sem tilgreind eru hér á undan.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

Af framlagi Reykjavíkur eru 2.000.000 kr. greiddar í formi launagreiðslna til starfsmanna Höfuðborgarstofu við beina vinnu við verkefni skv. 2. grein.

Framlög skulu greiðast til Höfuðborgarstofu með jöfnum greiðslum 1. maí og 1. september á hverju ári og mun Höfuðborgarstofa senda út reikninga.


4 Vanefndir og ágreiningur

Samstarfsaðilar staðfesta með undirritun sinni skuldbindingu til að standa við skilgreindar greiðslur og veitta þjónustu á gildistíma samningsins. Ágreining skal leitast við að leysa á vettvangi samstarfsnefndar. Gerist samstarfsaðili brotlegur við ákvæði samnings þessa skal fjalla um málið og hugsanlegar afleiðingar vanefnda á fundum samstarfsnefndar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Vilji samstarfsaðili segja upp samningnum skal uppsögn tilkynnt skriflega til formanns samstarfsnefndar fyrir 1. október. Þá tekur uppsögnin gildi frá og með næstu áramótum á eftir.

Af samningi þessum er gert og undirritað eitt eintak fyrir hvern samstarfsaðila og heldur hver aðili einu eintaki fyrir sig.

Reykjavík, 18. mars 2016.



Fh. Garðabæjar



Fh. Hafnarfjarðarbæjar



Fh. Kópavogsbæjar



Fh. Mosfellsbæjar



Fh. Reykjavíkurborgar



Fh. Seltjarnarnesbæjar